



TILLAGA

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni tillögu: Hækkun tekjumarka í reglum Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning

Lagt er til að samþykkt verði hækkun tekjumarka sem fram koma í 5. gr. reglna Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning, afturvirkir frá 1. september 2025, sem hér segir:

Fjöldi heimilis- fólks	Neðri tekjumörk á ári	Efri tekjumörk á ári	Neðri tekjumörk á mánuði	Efri tekjumörk á mánuði
1	5.977.276	7.471.595	498.106	622.633
2	7.949.777	9.937.221	662.481	828.102
3	9.264.778	11.580.973	772.065	965.081
4	10.041.824	12.552.280	836.819	1.046.023
5	10.878.642	13.598.303	906.554	1.133.192
6+	11.715.461	14.644.326	976.288	1.220.361

Kostnaður vegna breytinganna rúmast innan fjárheimilda velferðarsviðs.

Greinargerð:

Þann 1. september 2025 tók gildi breyting á reglugerð nr. 1200/2016 um húsnæðisbætur. Í breytingunum fólst að frítekjumörk vegna húsnæðisbóta hækkuðu um 0,70%.

Lagt er til að samþykkt verði breyting á reglum Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning á þann veg að fjárhæðir tekjumarka samkvæmt 5. gr. reglnanna verði jafnframt hækkuð um 0,70% og breytingin taki gildi þann 1. september 2025 til samræmis við breytingar á reglugerð nr. 1200/2016 um húsnæðisbætur.

Núgildandi tafla varðandi tekjumörk í 5. gr. er svohljóðandi:

Fjöldi heimilis- fólks	Neðri tekjumörk á ári	Efri tekjumörk á ári	Neðri tekjumörk á mánuði	Efri tekjumörk á mánuði
1	5.935.476	7.419.345	494.623	618.279
2	7.894.184	9.867.730	657.849	822.311
3	9.199.988	11.499.985	766.666	958.332
4	9.971.600	12.464.500	830.967	1.038.708
5	10.802.567	13.503.209	900.214	1.125.267
6 eða fleiri	11.633.533	14.541.917	969.461	1.211.826



Lagt er til að tafla varðandi tekjumörk 5. gr. verði svohljóðandi:

Fjöldi heimilis- Fólks	Neðri tekjumörk á ári	Efri tekjumörk á ári	Neðri tekjumörk á mánuði	Efri tekjumörk á mánuði
1	5.977.276	7.471.595	498.106	622.633
2	7.949.777	9.937.221	662.481	828.102
3	9.264.778	11.580.973	772.065	965.081
4	10.041.824	12.552.280	836.819	1.046.023
5	10.878.642	13.598.303	906.554	1.133.192
6+	11.715.461	14.644.326	976.288	1.220.361

Kostnaður vegna breytinganna er metinn um 1. m.kr. á mánuði eða 12 m.kr. á ársgrundvelli. Kostnaðarauki velferðarsviðs á árinu 2025 væri því metinn á um 4 m.kr. miðað við að breytingin tæki gildi 1. september. Heildaráætlun ársins 2025 fyrir sérstakan húsnæðisstuðning er 1.700 m.kr. og gert er ráð fyrir að hækkunin rúmist innan fjárheimilda velferðarsviðs.